

KJARASAMNINGUR
milli
Orkuveitu Reykjavíkur
og
Sameykis – stéttarfélags í almannajónustu

1. gr.

Kjarasamningur aðila framlengist til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun og launataxtar almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf verður kr. 119.700 á árinu 2023.

Orlofsuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verður m.v. fullt starf kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.


3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 12:00 mánudaginn 24. apríl 2023.

Reykjavík, 13.apríl 2023

F.h. Sameykis


Brynjar Darrí Jónasson
Ingizörg Sif Sjúriardóttir

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur



Fylgiskjal með kjarasamningi Sameykis og Orkuveitu Reykjavíkur 2023

Verkátun

Með framlengingu á kjarasamningum með gildistíma frá 1. apríl 2019 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Sameyki og Orkuveita Reykjavíkur munu á samningstímabilinu vinna í hópum sem eru skipaðir fulltrúum beggja samningsaðila. Á fyrsta fundi hvers hóps verður vinna hópsins skipulögð, metið verður umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátun.

Efnisþættir	Upphaf	Endir
Útgáfa heildarsamnings	Apríl 2023	Júní 2023
Vinnutími (Stytting vinnuvikunnar, viðverustefna og ýmsar reiknaðar stærðir í tengslum við styttinguna.)	Sept. 2023	Nóv. 2023
Ýmis réttindamál (s.s. vegna rauðra daga, veikinda nákominna, heimavinna o.fl.)	Sept. 2023	Nóv. 2023
Laun og launaþróun	Nóv. 2023	Jan. 2024
Önnur atriði sem kunna að koma upp á verkefnatímabilinu	Nóv. 2023	Jan. 2024

2

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "ZVA BDT", "2", and other illegible marks.